

REGLUGERÐ

um stjórnarsýslumeðferð mála samkvæmt barnalögum.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til mála sem sýslumenn fjalla um samkvæmt barnalögum.

II. KAFLI

Málaskrár, spjaldskrár og gerðabækur.

2. gr.

Sýslumaður skal halda sífjamálaskrá. Þar skal skrá öll sífjamál sem hann fær til meðferðar. Hverju máli skal gefið númer í hlaupandi töluröð er miðist við ár hvert og það fært í málaskrána við móttöku.

Í málaskrána skal færa eftirtalin atriði:

1. Númer máls.
2. Móttökudag erindis.
3. Upphaflegt númer máls, ef málið er sent frá öðrum sýslumanni.
4. Nöfn málsaðila.
5. Tegund máls.
6. Hvenær mál er sent öðrum sýslumanni, ef því er að skipta.
7. Lyktir máls og dagsetningu.

Ef sífjamálaskrá er á tölvutæku formi, skal í lok hvers vinnudags taka öryggisafrit af skránni.

Sýslumaður skal, fyrir 10. dag hvers mánaðar, senda dómsmálaráðuneytinu afrit málaskrár undanfarandi mánaðar.

3. gr.

Sýslumaður skal halda spjaldskrá yfir alla málsaðila. Skal skránni raðað í stafrófsröð eftir eiginnafni hvers málsaðila. Hver málsaðili skal skráður á sérstakt spjald með fullu nafni og kennitölu. Þar skal að auki greina fullt nafn og kennitölu gagnaðila, númer máls, hvernar tegundar mál er og lyktir máls. Spjaldskrá þessa skal færa í einu lagi með spjaldskrá samkvæmt reglugerð um stjórnarsýslumeðferð hjúskaparmála.

4. gr.

Á hverju sýslumannsembætti skal haldin sérstök gerðabók um sífjamálefni.

III. KAFLI

Umboð.

5. gr.

Umboðsmenn aðila skulu hafa skriflegt umboð til erindrektursins, ef því er að skipta.

IV. KAFLI

Málskjöl.

6. gr.

Öll skjöl sem lögð eru fram í máli eða berast með öðrum hætti skulu árituð um móttökudag og þeim gefið númer í áframhaldandi töluröð. Heimilt er að leggja fram sem eitt málskjál, skjalamöppu með skjölum, eða skjöl sem fest eru saman, ef henta þykir.

Aðilar skulu að jafnaði leggja öll skjöl fram í tvíriti. Frumrit fær sýslumannsembætti en afrit (ljósrit) fær gagnaðili.

Sýslumaður skal leggja afrit bréfa sinna er málið varða með öðrum gögnum máls.

V. KAFLI

Almennar reglur um meðferð ágreiningsmála.

7. gr.

Mál skulu aðgreind eftir því hvort um er að ræða umgengnismál eða meðlagsmál, enda þótt sömu aðilar eigi í hlut í fleiri en einu máli. Hvert mál skal rekið og úr því leyst sjálfstætt.

8. gr.

Aðilar skulu að jafnaði bera fram kröfur sínar og rökstuðning fyrir þeim skriflega.

9. gr.

Aðilar geta allt fram til þess að mál er úrskurðað breytt kröfum sínum eða gert nýjar kröfur og fært fram nýjar málsástæður, en það má eigi verða til að tefja úrlausn verulega, nema hagsmunir barns réttlæti það.

10. gr.

Telji sýslumaður nauðsyn bera til, kveður hann aðila, saman eða hvorn í sínu lagi, á sinn fund og getur hann, er málið er tekið fyrir, fært í gerðabók, sbr. 4. gr., það sem aðilar eða umboðsmenn þeirra hafa um málið að segja.

Sýslumaður stjórnar fundi með aðilum. Að ósk aðila getur sýslumaður heimilað öðrum en aðilum að sitja fund.

Heimilt er að synja aðilum um aðgang að fundi þegar barn tjáir sig um mál.

Sýslumaður getur, að undangenginni áminningu, vikið þeim af fundi sem raskar fundarfriði og góðri reglu á fundinum.

11. gr.

Í bókun í gerðabók skal jafnan greina eftirfarandi:

1. Hvar og hvenær mál er tekið fyrir.
2. Á hvaða embætti og af hverjum mál er tekið fyrir.
3. Númer máls, tegund og nöfn málsaðila.
4. Hverjir eru mættir.
5. Hvaða skjöl lögð eru fram, hvers eðlis þau eru og hvaða númer þau fá.
6. Númer málskjala er liggja frammi, ef því er að skipta, og hvers eðlis þau eru, hafi það ekki komið fram áður.
7. Frásögn og afstöðu aðila í skýru og stuttu máli.
8. Að leiðbeiningarskyldu hafi verið gætt og sættir reyndar, ef því er að skipta.
9. Í niðurlagi bókunar að hún hafi verið lesin í heyranda hljóði og staðfest rétt af aðilum eða umboðsmönnum þeirra með undirritun þeirra.

12. gr.

Sinni varnaraðili ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns, skal honum sjálfum, ef unnt er, birt með sannanlegum hætti bréf sýslumanns þar sem gerð er grein fyrir helstu málavöxtum og kröfum, komi þessi atriði ekki fram í afritum (ljósritum) málskjala, eða endurriti úr gerðabók um sífjamálefni sem kunna að verða látin fylgja með bréfinu. Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig um mál skriflega eða að mæta á fund sýslumanns á ákveðnum tíma eða innan tilskilins frests, að höfðu samráði við sýslumann. Skal að jafnaði veittur vikufrestur frá birtingu bréfs til að sinna því. Í bréfinu skal gerð grein fyrir hverju það varði að sinna ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns.

13. gr.

Sinni úrskurðarbeiðandi ekki kvaðningu eða tilmælum sýslumanns skal honum send kvaðning að nýju, eða tilmælin áréttað. Ef úrskurðarbeiðandi sinnir ekki síðari kvaðningu eða tilmælum sýslumanns er sýslumanni heimilt að synja um úrlausn máls.

Synjun sýslumanns um að veita úrlausn skal vera skrifleg og skal afrit sent gagnaðila, hafi honum verið kynnt krafa úrskurðarbeiðanda.

14. gr.

Ef sýslumaður takmarkar aðgang aðila að gögnum máls er veita upplýsingar um afstöðu barns er málið varðar, getur aðili óskað skriflegrar ákvörðunar sýslumanns þar að lútandi. Kæra má þá ákvörðun sýslumanns til dómsmálaráðuneytisins innan tveggja vikna frá dagsetningu hennar. Aðili skal bera kærú sína skriflega upp við sýslumann er framsendir hana ráðuneytinu þegar í stað ásamt afritum allra gagna málsins.

VI. KAFLI

Úrskurðir.

15. gr.

Úrskurður sýslumanns skal undirritaður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila. Afrit úrskurðar skal varðveitt með tryggilegum hætti á embætti sýslumanns.

Í úrskurði skal greina eftirfarandi atriði:

1. Nöfn aðila og kennitölu hvors um sig.
2. Nafn barns eða nöfn barna og kennitölu þess eða þeirra, sem málið varðar.
3. Kröfur aðila í endanlegri mynd.
4. Þau rök aðila og málsástæður sem skipta máli.
5. Stutta og glögga lýsingu á málsatvikum.
6. Rök og lagaatriði sem sýslumaður byggir úrskurð sinn á.
7. Niðurstöðu, er skal dregin saman í úrskurðarorði.
8. Fullnustu- og þvingunarúrræði, ef því er að skipta.
9. Kæruheimild og kærufrest.
10. Embættisheiti sýslumanns er úrskurðar í máli og dagsetningu úrskurðar.

16. gr.

Sýslumanni er óheimilt, nema lög mæli annan veg, að afhenda úrskurð öðrum en aðilum máls. Þó má láta barnaverndaryfirvöldum eða sérstaklega tilnefndum tilsjónarmanni í té afrit úrskurðar, hafi þeim verið falið að liðsinna við framkvæmd úrskurðar um umgengni. Tryggingastofnun ríkisins skal ennfremur látið í té afrit úrskurðarorðs um meðlag er stofnunin greiðir, sé þess óskað, ásamt upplýsingum um kennitölu og heimilisfang hvors aðila og barns eða barna. Ennfremur geta opinberir aðilar, eftir skriflegri rökstuddri beiðni, fengið afrit úrskurðar, ef nauðsyn þykir bera til.

VII. KAFLI

Staðfestir samningar.

17. gr.

Samningar um meðlag og forsjá barns, sem öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns, skulu staðfestir með undirritun sýslumanns í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila. Afrit samnings skal varðveitt með tryggilegum hætti á embætti sýslumanns.

Í samningum samkvæmt 1. mgr. skal greina eftirfarandi atriði:

1. Nöfn aðila og kennitölu hvors um sig.
2. Nafn barns eða nöfn barna og kennitölu þess eða þeirra er málið varðar.
3. Efni samnings aðila í stuttu og glöggu máli, þ. á m. upphafstíma samnings, ef annar er en staðfestingardagur hans.

4. Gögn þau er samningur byggist á, t. d. bréf eða skýrslur aðila.
5. Tilvísun í viðeigandi lagaákvæði.
6. Embættisheiti sýslumanns er staðfestir samning og dagsetningu staðfestingar.
7. Heimild til aðfarar, ef því er að skipta.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 76. gr. barnalaga, nr. 20 22. maí 1992, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Drífa Pálsdóttir.

22. júní 1992

Nr. 232

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu, nr. 13/1992.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn)

1. gr.

Við grein 2.2.3. VIII. kafla, Almenna gagnaflytninga- og fjárfestingaáttæktarlögmálaákvæði, bætist eftirfarandi ákvæði:
 Fyrir fyrstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið fullt gjald.
 Fyrir næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 85% gjald.
 Fyrir þar næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 70% gjald.
 Fyrir gagnasneiðar umfram 1500 þúsund á mánuði er tekið 50% gjald.

2. gr.

IX. kafli orðist svo:

IX. KAFLI

Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnunin starfrækir almennt háhraðanet innanlands með skiptistöðvum í Reykjavík, á Akureyri og Hvolsvelli. Utan höfuðborgarsvæðisins er hraðinn í netinu 64 Kb/s og 128 Kb/s en innan höfuðborgarsvæðisins einnig 2 Mb/s.

Í umsókn um aðgang að netinu skal tekið fram hvaða hámarkshraða notandi vill.

Notanda er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni.

1. Stofngjald.

- 1.1. Stofngjald fyrir aðgang að háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við eina ethernettengingu (grunntengingu) hjá notanda:
 - 1.1.1. Hraði 64 Kb/s 128 Kb/s 2 Mb/s
 Stofngjald kr. 100 000,00 114 000,00 228 000,00
 - 1.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 15 000,00 við 1.1.1.
 - 1.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 70 000,00 við 1.1.1.